

# Stjórnarfundur LH 12. ágúst 2010

## 23. fundur. Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru: Sigfús Helgason, Haraldur Þórarinnsson, Ísleifur Jónasson og Oddur Hafsteinsson, Gunnar Sturluson, Sigurður Ævarsson, Vilhjálmur Skúlason og Oddrún Ýr Sigurðardóttir.

### 1. Fundargerðir síðasta stjórnarfundar.

21 og 22 fundagerð /símafundur, breyta orðalagi en efnislega samþykkt.

### 2. Landsþing LH 2010

OS ætlar að tala við formann Léttis varðandi tillögu um þingritara. SH var falið að athuga með þingforseta. OS sagði frá stöðu mála varðandi undirbúning á þinginu og 1 fundarboð er farið út. Ákveðið var að setja inn á vefmiðla og senda á formenn áminningu um skilafrest á tillögum fyrir þingið

### 3. LM – staða mála og LM 2011.

Aðalfundur LM haldin 12.ágúst og fer fram með hefðbundnum hætti. Stjórn LH telur ekki ástæðu til að skipta um stjórn í LM ehf. Framtíð LM ehf rædd og taka þarf á ákvörðun um hvernig rekstarfyrirkomulagi skuli háttað í framtíðinni.

### 4. Hestapestin

Stjórn LH hefur áhyggjur af stöðu mála varðandi „Hestapestina“ og telur nausðynlegt að koma skýrum og markvissum upplýsingum til hestamanna varðandi stöðu pestarinnar fyrir haustið frá MAST.

Stjórn LH telur þær upplýsingar sem hafa verið birtar bæði ómarkvissar og ófullnægjandi og bara til þess að auka óvissu hins almenna hestamanns til sjúkdómsins

Stjórn LH telur samræma þurfi þau skilaboð sem dýralæknar eru að senda út til hins almenna hestamanns.

LH ásamt FHB og FT mun óska eftir fundi um stöðu pestarinnar frá MAST/Keldum. Einnig skal bjóða öllum starfandi dýralæknum til fundarins.

### 5. Önnur mál

- a. Engar breytingar hafa verið á stefnu stjórnar LH og BÍ á að halda Landsmót 2010 árið 2011. Tekin var ákvörðun um að setja inn á vefmiðil okkar að LH og BÍ stefndu áfram að því að halda LM 2010 á komandi sumardögum 2011.
- b. HP sagði frá fundi sem hann sat á í Finnlandi með öllum formönnum innan aðildarlanda FEIF varðandi LM 2011. Allflestir formenn skilja afstöðu stjórnar LH og BÍ að halda LM 2011 og ætla ekki að setja sig upp á móti þeirri ákvörðun, en tóku fram að þeir stefndu sínu fólki á HM 2011 og síðan LM 2012.
- c. Komu fram óskir formanna innan FEIF landa að hefja samstarf við okkur Íslendinga vegna HM í Herrning og ýmissa annarra alþjólegra verkefna sem vert er að skoða.
- d. SÆ óskaði eftir að tillaga yrði gerð fyrir þingið í haust af stjórn LH um að Ísland muni alltaf eiga stjórnarmann inn í stjórn FEIF sem ákveðin yrði sameiginlega af LH og BÍ. BÍ og LH myndu skipta með sér ferðakostnaði þess einstaklings.

- e. Hestamannafélagið Funi heldur afmælis/stórmót á Melgerðismelum 21.-22.ágúst næstkomandi. SH var falið að fara fyrir hönd stjórn LH og afhenda þeim gjöf í tilefni afmæli félagsins.
- f. Tekið fyrir bréf sem barst til stjórnar frá félagsmanni Léttis á Akureyri. Í framhaldi var ákveðið að óska eftir fundi með fjármálaráðherra varðandi verkefnið „Allir vinna“.

*Fleira ekki fært til bókar  
Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*